

Stjórnarfundur umdæmis Inner Wheel á Íslandi, haldinn 16. október 2025 kl.15 heima hjá Sigurbjörgu Magnúsdóttur Birkigrund 9b í Kópavogi

Á fundinn voru mættar auk Sigurbjargar umdæmisstjóra: Dúfa Einarsdóttir gjaldkeri, Erla Eggertsdóttir ritari, María Heiðdal fráfarandi umdæmisstjóri og Valdís B Guðjónsdóttir verðandi umdæmisstjóri

Sigurbjörg greindi frá því að hún fékk aftur bréf frá indverskri IW konu. Hún vildi hitta hana ásamt annari indverskri konu frá öðrum klúbbi. Þær vildu fá að skiptast á fánum. Hún vildi hitta hana næsta dag, föstudag, kl 18. Erla samþykkti að fara með henni.

Ræddum um fyrirkomulag á haustfundi sem verður á Catalinu 1. nóv. næstkomandi. Fundurinn á að byrja kl 11,30. Sigurbjörg ætlar að hafa samband við klúbbana og biðja um að einhver frá hverjum klúbbi segi frá starfi vetrarins framundan. Eftir það yrði snæddur matur. Síðan að fá Soffíu frá IW Keflavík til að segja frá Rally-fundi sem hún fór á í Danmörku ásamt fleirum.

Valdís er búin að fá dóttur sína til að vera með söngatriði á fundinum, sem verður í Kríunesi 10. janúar.

Sigurbjörg var búin að festa safnaðarsalinn hjá Kópavogskirkju fyrir vorfundinn 23. maí. Valdís lofaði að fræða um málþroska barna á vorfundinum. En þar er hún á heimavelli.

Dúfa ætlar að senda rukkanir til félaganna því það þarf að greiða til alþjóðasamtakanna fljótlega.

Athuga með að fá einhvern til að taka myndir á haustfundinum.

Sigurbjörg var með leiðréttinga sem þarf að gera á heimasíðunni, sem ég mun senda á Birnu hjá Character, sem annast heimasíðuna okkar.

Fengum þessar fínu kaffiveitinga hjá Sigurbjörgu

Næsti stjórnarfundur áælaður fimmtudaginn 27. Nóvember.

Fundi slitið um kl. 5

Erla Eggertsdóttir ritari

